

**491. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, mánudaginn 2. nóvember 2015
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Indriði Indriðason (II) formaður, Kristinn Hilmar Marinósson aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir aðalmaður, Jón Örn Pálsson aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður og Berglind Eir Egilsdóttir varamaður.

Fundargerð ritaði: Indriði Indriðason, Sveitastjóri

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og kannaði lögmæti fundarboðunar. Engar athugasemdir voru gerðar.

Dagskrá:

1. 1510108 - Beiðni frá Byggðastonun um umsögn vegna úthlutunar á tonna aflamarki

Óskað er eftir umsögn vegna tveggja umsókna vegna auglýsingar Byggðastofnunar um 400 þorskígildistonn vegna Tálknafjarðar. Tvær umsóknir liggja fyrir og er sú fyrri frá Odda hf. á Patreksfirði ásamt þremur útgerðum í Tálknafirði, Bergdísi ehf. Steglu ehf. og Garraútgerðinni ehf.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsókn ofangreindara aðila.

Hin umsóknin er frá Þór Magnússyni í Tálknafirði.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsókn Þórs Magnússonar.

Samþykkt samhljóða.

2. 1510100 - Umsókn um byggðakvóta fiskveiðiársins 2015/2016.

Í samræmi við 2.gr reglugerðar 605/2016 vill sveitarstjórn óska eftir breytingu 6. gr sömu reglugerðar, 1. mgr. Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta í Tálknafjarðarhöfn til vinnslu innan byggðarlaga í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Samþykkt með 4. atkvæðum, einn á móti (II)

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00.
